

Kynningarstefna BHM

Inngangur

Bandalag háskólamanna (BHM) er heildarsamtök 26 fag- og stéttarféлага háskólamenntaðs fólks á íslenskum vinnumarkaði. Samkvæmt lögum BHM er hlutverk bandalagsins að:

- ✓ efla aðildarfélag bandalagsins og starf þeirra í því skyni að stuðla að gagnkvæmum stuðningi og samstöðu um hagsmuni háskólamenntaðra á vinnumarkaði og efla þekkingu þeirra á réttinda- og kjaramálum á vinnumarkaði
- ✓ móta sameiginlega stefnu aðildarféлага í hagsmunamálum þeirra
- ✓ semja um sameiginleg hagsmuna- og réttindamál félagsmanna aðildarféлага samkvæmt umboði og vera aðildarfélagum til fulltingis við gerð kjarasamninga og standa vörð um hagsmuni félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og löggjafarvaldi
- ✓ vinna reglubundna greiningu á launaþróun á vinnumarkaði til undirbúnings kjaraviðræðna og upplýsa aðildarfélag þar um
- ✓ hafa frumkvæði að umræðu um háskólamenntun og stöðu háskólamenntaðra á vinnumarkaði og gæta hagsmuna háskólamanna alla starfsævina, námsárin meðtalin
- ✓ eiga samstarf við systursamtök háskólamenntaðra og önnur sambærileg samtök erlendis

Öflugt kynningarstarf er ein forsenda þess að BHM geti rækt hlutverk sitt. Starfið beinist jafnt *inn á við* – að aðildarfélagum og félagsmönnum þeirra – og *út á við* – að Alþingi, stjórnvöldum, forystufólki í atvinnu- og efnahagslífi, fjölmiðlum og almenningi.

Kynningarstefna BHM styður við meginstefnu og áherslur bandalagsins á hverjum tíma, starfsáætlanir og aðrar stefnumiðaðar áætlanir, þ. á m. Sóknaráætlun 2018–2021.

Markmið

Kynningarstarf BHM miðar almennt að því að:

- ✓ vekja athygli á og skapa opinbera umræðu um baráttu- og hagsmunamál BHM
- ✓ bandalagið sé sýnilegt í fjölmiðlum og samfélagsumræðu
- ✓ halda félagsmönnum aðildarféлага og háskólanemum upplýstum um starfsemi BHM, þ. á m. hagsmunabaráttu bandalagsins í þágu félagsmanna og þjónustu þess við þá
- ✓ styrkja ímynd BHM í hugum félagsmanna og almennings á Íslandi

Markhópar

Kynningarstarf BHM beinist að eftirtöldum markhópum (ath. hóparnir geta skarast):

- ✓ stjórnámálönnum (alþingismönnum, ráðherrum, sveitarstjórnarfólki)
- ✓ stjórnendum hjá ríki og sveitarfélögum
- ✓ forystufólki í íslensku atvinnu- og efnahagslífi
- ✓ félagsmönnum aðildarféлага
- ✓ háskólamenntuðu fólki á Íslandi
- ✓ háskólanemum
- ✓ fjölmiðlum/almenningi

Aðferðir

BHM beitir m.a. eftirtöldum aðferðum við kynningarstarf sitt:

- ✓ **rafræn miðlun** – vefur og samskiptamiðlar BHM (bhm.is, facebook-, Twitter-, YouTube- og Livestream-síður bandalagsins)
- ✓ **virkt fjölmiðlasamskipti** – fréttatilkynningar og önnur upplýsingagjöf til fjölmiðla (plögg)
- ✓ **auglýsingar** – í dagblöðum, vefmiðlum, útvarpi, sjónvarpi, sérblöðum og tímaritum.
- ✓ **útgáfa** – margvíslegt prentað kynningarefni
- ✓ **viðburðir** – fundir, málþing og ráðstefnur um málefni sem varða hagsmuni háskólafólks

Árangursmat

Árlega skal leitast við að meta skilvirkni og árangur af kynningarstarfi BHM með þeim aðferðum sem bestar eru taldar hverju sinni. Til dæmis með fjölmiðlagreiningu, viðhorfskönnun meðal tiltekinnna markhópa o.s.frv. Niðurstöður árangursmats skal leggja fyrir stjórn bandalagsins.

Framkvæmd og ábyrgð

Kynningarfulltrúi BHM annast kynningarstarf bandalagsins í samráði við formann og framkvæmdastjóra. Hann ritstýrir vef og samskiptamiðlum BHM, miðlar upplýsingum til fjölmiðla og hefur umsjón með gerð auglýsinga og annars kynningarefnis. Einnig hefur kynningarfulltrúi umsjón með undirbúningi og skipulagningu viðburða á vegum BHM. Framkvæmdastjóri BHM er næsti yfirmaður kynningarfulltrúa.

Kynningarfulltrúi vinnur kynningaráætlun til nokkurra mánaða í senn í samráði við formann og framkvæmdastjóra BHM.

Stjórn BHM er í fyrirsvari fyrir bandalagið út á við. Formaður BHM er málsvari og talsmaður bandalagsins og kemur fram fyrir hönd þess í fjölmiðlum nema hann feli varaformanni, framkvæmdastjóra eða öðrum starfsmanni að gera það í einstökum tilvikum eða tímabundið.